



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 3/2015

Álagning dagsekta á Stilling hf. vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins

I. Málavextir

Í reglubundinni skoðun eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins til Stillingar hf., kt. 630269-0169 að Kletthálsi 5, 110 Reykjavík þann 8. ágúst 2012, var fyrirtækinu veitt eftirfarandi fyrirmæli:

- Að gera skyldi skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 21. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Í ofangreindri ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins kom fram að félagið skyldi tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um það þegar úrbótum væri lokið.

Fyrirmælin voru ítrekuð tvisvar sinnum með bréfum sem Vinnueftirlit ríkisins sendi Stillingu hf., dags. 26. nóvember 2012 og 26. mars 2013. Þrátt fyrir þessar ítrekanir þá var ekki farið eftir þessum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

Með bréfi, dags. 26. nóvember 2014 var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja dagsektir á fyrirtækið þar sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Stilling hf. var veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Þrátt fyrir framangreint bréf var ekki farið að fyrirmælunum. Þann 5. desember 2014 fór Stilling hf. fram á frest til að ljúka úrbótum skv. ofangreindri ákvörðun Vinnueftirlitsins. Veitti stofnunin Stillingu hf. frest til 1. mars 2015, til að klára úrbætur. Þrátt fyrir ofangreindan frest var ekki farið eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

II. Niðurstaða

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Skv. 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögunum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum erum mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfærð.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar sem Stilling hf. hefur ekki farið að ofangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að fyrirmælin hafi verið ítrekuð þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 þangað til fyrirtækið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Samkvæmt gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 26 starfsmenn hjá Stillingu hf. en fyrirtækið stundar smásölu á varahlutum og aukabúnaði í bíla.

III. Ákvörðunarorð

„Stilling hf., kt. 630269-0169 hefur brotið gegn 21. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Stillingu hf. Skal fyrirtækið greiða kr. 25.000 á dag frá og með næsta degi eftir að fyrirtækinu var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til fyrirtækið hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 8. ágúst 2012.”

Vinnueftirlit ríkisins